

Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2020

Yfirlit verkefnis og hlutverk vinnuhóps um yfirferð umsókna

1. Verkefni

Vinnuhópnum er falið að gera tillögu til skipulags- og samgönguráðs um styrkveitingu úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur.

2. Ábyrgðarmaður

Ábyrgðarmaður verkefnisins er formaður skipulags- og samgönguráðs.

3. Tilgangur

Að tillögur um styrkveitingar úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur séu unnar í samræmi við gildandi *Reglur fyrir Húsverndarsjóð Reykjavíkur* ásamt síðari breytingum, og rökstuddar samkvæmt þeim.

4. Starf

Vinnuhópurinn skal starfa skv. gildandi *Reglum fyrir Húsverndarsjóð Reykjavíkur* og fylgja í hvítvetna settum verkferlum vegna styrkveitinga. Vinnuhópurinn setur sér vinnureglur sem hann skal kynna fyrir skipulagsfulltrúa við upphaf vinnu sinnar. Við starf sitt skal hópurinn halda fundargerðir í samræmi við gegnsæa stjórnslu. Hópurinn ber ábyrgð á að gögn vegna umsókna, styrkveitinga og athugasemdir við þær ásamt fundargerðum séu vistaðar í *Erindreka*, skjalavinnslukerfi. Hópurinn skal hafa samráð við önnur svið borgarinnar eftir því sem þörf krefur.

5. Tímastærur og skil

Vinnuhópurinn tekur til starfa þegar umsóknarfrestur um styrki rennur út ár hvert og skila tillögum til skipulags- og samgönguráðs ekki seinna en fjórum vikum síðar. Við skil á tillögum um styrkveitingu skal fylgja með rökstuðningur bæði af hverju styrkur er veittur og af hverju umsókn er hafnað. Vinnuhópurinn lýkur störfum þegar skipulags- og samgönguráð/borgarráð hefur endanlega afgreitt tillögur hans um styrkveitingar það árið.

5. Skipan hóps og ábyrgðarmaður

Skipulags- og samgönguráð skipar vinnuhópinn. Hann skipa **XX og XX**, fulltrúar í umhverfis- og skipulagsráði, Sigrún Reynisdóttir frá embætti byggingarfulltrúa, Sólveig Sigurðardóttir frá embætti skipulagsfulltrúa og Alma Sigurðardóttir frá embætti borgarminjavarðar. Sólveig Sigurðardóttir er leiðtogi hópsins og skal hún sjá um að boða hann til fundar. Sólveig er jafnframt sá fulltrúi hópsins sem skal hafa eftirlit með framkvæmdum sem styrktar eru úr sjóðnum skv. reglum um hann og vísað er til hér að ofan.

Reykjavík **XX**.01.2020

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri